



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

1. Skipulag fundar

Heiti fundar: 12. fundur Aðalstjórnar
Fundarstjóri: Davíð Þór Sigurðarson
Fundarritari: Davíð Þór Sigurðarson

Dagsetning: 21.06. 2011
Staður: Hettan
Tími : 20:30

Þátttakendur:

| | |
|--|--|
| Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar | Hilmar Gunnlaugsson, staðgengill fótboltadeildar |
| Elínborg Valsdóttir, formaður Blakdeildar | Fanney Bóasdóttir, formaður sunddeildar |
| Jón Jónsson, varaformaður fimleikadeildar | Jóney Jónsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar |
| Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn | Guðný Hjaltadóttir, stjórn yngri flokka körfubolta |
| Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn | |
| | |

Fjarverandi:

| | |
|---|---|
| Magnús Jónsson, stjórn fótboltadeildar | Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar |
| Anna Alexandersdóttir, formaður fimleikadeildar | |
| | |

2. Markmið fundar

Markmið fundarins er að fara yfir stöðu komandi verkefna og þeirra sem verið er að vinna að.

3. Fundardagskrá

| Fundarefni | Stjórnandi umræðu | Tími (mín) |
|-------------------------|-------------------|------------|
| Yfirlit samninga | Davíð | 20 |
| Pósthús | Davíð | 5 |
| Úthlutun frá aðalstjórn | Davíð | 10 |
| Staða körfuboltadeildar | Davíð | 10 |
| Tímatafla 2011 | Davíð | 10 |
| Formannafundur UÍA | Davíð | 10 |
| | | |

4. Helstu umræður

Anna Alexandersdóttir, Magnús Ásmundsson og Magnús Jónsson boðuðu forföll.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Yfirlit samninga

Formaður aðalstjórnar fór yfir þá samninga sem gerðir hafa verið fyrir hönd aðalstjórnar. En það eru við Jako, Samkaup, Arion banka og Landsbanka Íslands.

Kynntir eru helstu liðir hvers samnings og farið yfir lengd samninga. Einnig er rætt hvernig þessir samningar hafa áhrif á starf deilda innan Hattar.

Umræður voru um framkvæmd og þjónustu vegna samnings við afhendingu á Jako göllum. Aðalstjórn bókar að framkvæmd afhendingar hefur ekki staðið undir væntingum og hefur skaðað starfið og sölu á göllumum. Formaður hefur samband við Jako varðandi þessa bókun.

Pósthús

Unnið hefur verið að því að útbúa skjal sem gefur til kynna hvert póstur fyrir hverja deild eigi að áfram sendast frá pósthúsi. 2 deildir hafa ekki enn skilað inn upplýsingum.

Kynnt er það að hver deild hafi alltaf lögheimilið Skógarlönd en síðan sé pósthús sem sjái um dreifingu til viðkomandi stjórna fyrir hvert starfsár. Þetta skjal er því uppfært samkvæmt þeim breytingum sem verða í stjórnnum deilda.

Úthlutun frá aðalstjórn

Formaður vekur athygli aðalstjórnar á að sumar deildir skila inn iðkendafjölda í Felix fyrir 5 ára aldur meðan aðrar deildir gera það ekki. Sum sérsambönd rukka gjöld sín eftir skráningu í Felix og sum vilja einnig ekki sjá yngri en 6 ára skráða. Þarna er ósamræmi um hvernig túlkun á þessum reglum skal háttáð innan Hattar óháð hvernig Felix er skráður.

Fanney vill láta skoða hvort ekki hafi verið tekin ákvörðun um skipting skildi halda sér í 6 til 16 ára. Skoða þarf fundargerðir og skoðar formaður aðalstjórnar það. Ákveðið að taka umræðum um þetta á næsta fundi aðalstjórnar fyrir næsta ár, 2012.

Staða körfuboltadeildar

Formaður aðalstjórnar fer yfir stöðu vegna fjárnáms vegna körfuboltadeildar.

Umræður um ábyrgð aðalstjórnar á skuldasöfnun deilda og hvernig þeim málum ætti að vera háttáð. Ákveðið er að Hilmar, Jón og Davíð skoði þau mál og skili inn greinargerð til aðalstjórnar um hvort hægt sé að fara í breytingu á lögum félagsins þannig að aðskilnaður deilda við aðalstjórn sé greinilegur. Einnig er rætt um að barnastarf eigi ekki að líða fyrir slakan rekstur meistaraflokka í öllum deildum. Frekari umræða þarf að eiga sér stað um hlutverk aðalstjórnar í að tryggja að rekstur á öllum deildum sé ábyrgur og get ekki skaðað nafn eða starf Hattar.

Tímatafla 2011

Formaður aðalstjórnar hefur unnið að því að fá töflu fyrr frá sveitarfélaginu til að úthlutun tíma hjá Hetti geti klárast yfir sumarmánuðina. Ákveðið er að vinna með sömu tíma og voru í fyrra.

Formenn deilda senda inn sínar tillögur á alla í aðalstjórn og stefnt að klára þessa vinnu í júlí 2011.

Jóney ræðir um mikilvægi þess að reynt sé að ná samstarfi um einn íþróttaskóla fyrir yngstu börnin og mikilvægi þess að ekki sé skipt í íþróttagreinar á fyrstu árum barna.

Rætt er um starsmarf minni deilda til að standa saman að svona uppsetningu. Engar ákvarðanir teknar en skoðanaskipti á hag mismunandi deilda útskýrður og ræddur.



Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Formannafundur UÍA

Formannafundur UÍA verður þann 28 júní 2011 og mun annað hvort Kristbjörg eða Jón Óli fara með atkvæði Hattar á þeim fundi í fjarveru Davíðs. Stjórn UÍA hefur sent út tillögu um skiptingu hugsanlegs ágóða vegna unglíngalandsmóts sem rædd er. Ráðgert er að Höttur muni leggja fram nýja tillögu á fundinum.

Önnur mál

Elínborg gerir athugasemd við fundargerð aðalfundar síðast. Elínborg mun senda texta vegna skýrslu hennar á Davíð sem lagar fundargerð.

Davíð lætur til deilda Henson Hattargalla til gjafar en þeir gallar voru keyptir vegna skipta yfir í Jako. Kostnaður aðalstjórnar vegna þessa er 24 þúsund krónur. Deildir geta selt gallana og látið þá fjármuni renna til deildanna. Allar deildir fengu galla nema sunddeild.

5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Skoða þarf lagabreytingu vegna skuldbindinga deilda.

Koma með nýja tillögu vegna skiptingar hugsanlegs ágóða vegna landsmóts hjá UÍA.

6. Aðgerðalisti

| Hvað | Hver | Í samvinnu við | Dags. |
|---|------------------------------|----------------|------------|
| Skoða lagabreytingu vegna skuldbindingu aðalstjórnar vegna deilda | Davíð, Hilmar og Jón Jónsson | | 1.7.2011 |
| Skoða varðandi skiptingu fjármagns og ákvörðun tengda því | Davíð og Fanney | | 1.7.2011 |
| Skila inn tímaóskum vegna töflu 2011 til 2012 | Formenn deilda | | 30.07.2011 |
| | | | |
| | | | |

Fundi slitið kl 22:30.

Davíð Þór Sigurðarson